

Skólaráð Hlíðaskóla

Fundur haldinn 14.12.2022 kl. 8:30

Viðstaddir: Berglind Stefánsdóttir; skólastjóri, Laufey Jóhannsdóttir; kennari, Daniela Guiomar Cruz Gramata; stuðningsfulltrúi, Elsa Ísberg; kennari í 1. bekk, Lena Viderø; foreldri og Þórey Björk Sigurðardóttir; foreldri og fulltrúi foreldrafélagsins.

Fundarritun: Lena Viderø

Fundur hefst á því að Þórey talar um að upplýsingar um skólaráðsfundi og upplýsingar frá skóla til foreldra þurfi að berast fyrr en þær gera. Fundargestir samsinna að það sé rétt og mikilvægt sé að bæta úr því.

1. Fundargerð frá síðasta fundi samþykkt.

Allir samþykkja fundargerð frá síðasta fundi.

2. 16 desember / tvöfaldur dagur á haustönninni

16. Desember er síðasti dagur fyrir jól og aðeins gæsla í frístund eftir hádegi mánudaginn 19. og þriðjudaginn 20

3. Nemendaping 17 janúar – Símalaus skóli – Jákvætt hugarfar

Símalaus skóli. Teymi hefur fundað um símalausan skóla og var sá fundur góður. Nemendaping verður haldið 17. Janúar og þá taka nemendur samtalið um símalausan skóla. Einnig verður rædd umgengni í skólanum sem mætti vera betri. Því er velt upp hvort að hægt sé að hrinda símalausum skóla beint í framkvæmd og rætt er um að e.t.v. sé hægt að byrja á að hafa símalausa daga.

Elsa spyr út í Tiktok í unglingsáætlun og hvort margir séu að nota það að svarar Þórey að svo sé. Þar fari að miklum hluta til samskipti unglingsanna fram. Gott að vinna að þessu með krökkunum. Talað er um að síminn geti komið í veg fyrir góða félagsfærni og að viðhorfið hjá skólanum sé að gefa nemendum í raun frí frá símunum sínum.

Berglind nefnir að eins séu vangaveltur hjá formanni skóla- og frístundaráðs að banna skuli síma í skólum. Allir sem viðstaddir eru á fundinum eru sammála um að skólinn eigi að vera símalaus nemendanna vegna en mikilvægt sé að útskýra fyrir nemendum hvers vegna gott sé að gera skólann símalausan en á sama tíma þurfi einnig starfsfólk að taka þátt í símaleysinu.

4. Starfsáætlun Hlíðaskóla

Starfsáætlun kemur vel út en ýmislegt þarf þó að laga eftir ábendingar frá Reykjavíkurborg. Berglind nefnir að gott sé að fá athugasemdir til að vita nákvæmlega hvað það er sem betur má fara. Sem dæmi að þá þarf að aðlaga skjöl á heimasíðu

skólans til að gera þau notendavæn fyrir Google Translate. Eins vantar upp á lýsingu á táknaáttssviðinu. Einnig kom ábending varðandi SMT sem er aðeins virkt í 1.-4. bekk en þarf að skoða betur fyrir miðstig og efsta stig. Hlíðaskóli er ekki lengur formlegur SMT skóli þó stuðst sé við reglurnar þaðan en til þess að teljast SMT skóli þarf að uppfylla öll skilyrði sem getur verið hægara sagt en gert.

5. Önnur mál

Mentor tilkynningar - Neikvæðar og jákvæðar ábendingar til foreldra.

Rætt er um kerfi innan Mentors þar sem kennarar geta komið skilaboðum til foreldra hvort að nemandi hafi sýnt jákvæða eða neikvæða hegðun í tíma. Sem dæmi er hægt að gefa nemanda hrós, láta vita ef nemandi hefur unnið vel í tíma eða ef hann hefur t.d. verið óvirkur eða truflað.

Talað er um að gott sé ef umsjónarkennarar og foreldrar séu í góðu samtali varðandi hegðun nemenda þá sérstaklega ef um endurtekna neikvæða hegðun sé að ræða því erfitt sé að taka samtalið heima ef foreldrar fá ekki upplýsingar um hvað varð til þess að nemandi fékk ábendingu um neikvæða hegðun. Dæmi séu einnig um að nemandinn sjálfur veit ekki hvers vegna hann fékk þessa ábendingu. E.t.v. væri gott ef kennarar nýttu sér dagbækurnar betur til skráningar varðandi nemendur.

Elsa nefnir þó að skráningar um nemendur séu mikilvægur þáttur þegar kemur að því t.d. að taka við nýjum nemendum úr öðrum skólum í skólann. Þá skipti skráningarnar máli þannig að kennari viti sitthvað um hinn nýja nemanda og hvort hann þurfi t.d. stoðþjónustu eða annan stuðning.

Talið berst almennt að Mentor og rætt er um hvað kerfið sé erfitt fyrir mjög marga og því velt upp hvort skoða eigi önnur kerfi til að vinna með. Mentor sé dýrt og kannski ekki að skila því sem það á að skila. Það taki mikinn tíma frá kennurum og geti verið erfitt viðureignar.

Eins geymast þar gögn um ókomna tíð sem mikilvægt væri að geta eytt út eins og þegar nemendur útskrifast úr 10. Bekk og ekki lengur þörf á að geyma gögn um þau. Hér er rætt um það hvort að ýmislegt innan Mentor sé á gráu svæði hvað varðar persónuvernd og persónulegar skráningar um börn. Talið berst að lokum aftur að því að jafnvel sé kominn tími til að skoða vel Mentor og hvort það henti eða hvort það séu til aðrir möguleikar.

Fundi slitið kl. 9:15